um endurskipulagningu sérleyfisleiða.

Flm.: Skúli Alexandersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé tímabært að taka til rækilegrar endurskoðunar og endurskipulagningar sérleyfisleiðir langferðabifreiða, í því skyni meðal annars að koma á betri samgöngum milli byggðarlaga og landshluta.

Greinargerð.

Samkvæmt leiðabók um áætlanir sérleyfisbifreiða 1971—1972, sem gefin er út af Póst- og símamálastjórninni, eru nú í gildi 59 sérleyfi til fólksflutninga. Af þessum 59 sérleyfisleiðum eru 33 út frá Reykjavík, 8 út frá Akureyri og hinar 18 eru flestar í beinum tengslum við sérleyfisferðir frá Reykjavík eða áætlunarferðir Flugfélags Íslands.

Þessi háttur á áætlunum sérleyfisbifreiða leysir ekki nema einn þátt í samgöngumálum dreifbýlisins, þ. e. að komast að og frá stærstu þéttbýlisstöðunum og þá fyrst og fremst Reykjavík. Á stórum svæðum á landinu er þess enginn kostur að komast milli byggðarlaga með sérleyfisbifreiðum. Ekkert hefur verið gert til þess að skipuleggja sérleyfin þannig, að t. d. farþegar, sem væru á leið af Vesturlandi eða Vestfjörðum, geti komizt í bíla í Borgarfirði, sem væru á norðurleið, eða farþegar, sem kæmu að norðan, geti komizt í bíla, sem væru á vesturleið.

Það leiðafyrirkomulag, sem nú er í gildi, er í mörgu óbreytt frá því að áætlunarferðir á bifreiðum hófust fyrst um landið.

Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi, að fundið verði betra skipulag á þessum málum en nú er.